

Málvinnsla: Skiladæmi 3

Háskólinn í Reykjavík - Tölvunarfræðideild

Október 2007

1 Dæmi I - 25%

Í þessu dæmi skulið þið velja fyrir ykkur megintilgangi máls við ýmsar ólíkar aðstæður. Skoðið textana hér að neðan og fyrir hvern þeirra gerið stutta grein fyrir hvort fyrst og fremst sé um að ræða upplýsingamál eða hvort aðallega sé verið að þjóna félagslegu hlutverki. Er hugsanlega um einhverja blöndu að ræða? Rökstyðjið mál ykkar.

1. *Heyrt í verslun:* **A** "Þetta gera 2300 Kr." **B** "Tekurðu kort?" **A** "Nei." **B** "Skollinn!"
2. *Á vefsíðu:* "Í vinnslu. Það er ekki komið mikið hérna inn ennþá, en ég bæti úr því eftir helgi. Afsakið útlitið á meðan!"
3. *Tveir félagar:* **A** "Hvað segir þú gott?" **B** "Allt þetta fína bara!"
4. *Á vörupakkningu:* "Styrkir, bætir, hressir, kætir!"

2 Dæmi II - 25%

Flokkið eftirfarandi 8 fyrirbæri í samskiptum **A** og **B** í orðræðumarkmið (*e. Discourse Function / Intent*) og orðræðuáhöld (*e. Discourse Devices*):

1. **A** segir "Já"
2. **A** kinkar kolli
3. **A** er samþykkur **B**
4. **B** brosir
5. **B** er ánægð

6. **B** segir "Mjög gott"
7. **B** leggur sérstaka áherslu á hversu gott þetta er
8. **B** setur tónáherslu á "mjög"

3 Dæmi III - 25%

Hvaða orðræðueiningar verða til í orðræðulíkaninu þegar þessi texti er greindur? Ekki einskorðað ykkur við nafnliði að þessu sinni, heldur hafið í huga að orðræðueiningar geta verið hlutir, hugtök eða atvik. Út frá orðræðulíkaninu, útskýrið þær samvísanir (e. *Coreference*) sem þið finnið í textanum.

"Gunnar stóð lengi á svölunum og hugsaði ráð sitt. Hann var blankur, kaldur og hrakinn. Eftirlýstur í þokkabót. Hvernig gat þetta gerst? Hvenær hafði hann tekið hið örlagaríka skref sem útilokaði farsælan endi. Ætli hann hafi verið meðvitaður um það?"

4 Dæmi IV- 25%

Upplýsingaupbygging (e. *Information Structure*) ensku setningarinnar "I got a painting in Greece this summer" fer eftir samhengi hennar. Setjið setninguna í a.m.k. fernskonar samhengi með því bæta á undan henni spurningum sem hún gæti verið svar við. Í hverju dæmi, skulið þið strika undir remu (e. *Rheme*) hluta upphaflegu setningarinnar til að sýna hvernig nýnæmið innan hennar breytist.

Prófið því næst að láta talgervil segja upphaflegu setninguna eina og sér. Þetta getið þið gert á vefnum hjá AT&T (notið þá "Crystal ... US English" rödd og mál):

<http://www.research.att.com/~ttsweb/tts/demo.php>

Hvaða samhengi virðist talgervillinn gera ráð fyrir (þ.e. við hvaða spurningu/m hljómar þetta sem svar)? Prófið loks, að stinga ykkar spurningum á undan setningunni og hlustið á talgervilinn bæði spyrja og svara. Hvernig hljómar svarið í hvert sinn? Fylgist talgervillinn með samhenginu? Hvernig vitið þið það?

5 Skilafrestur

Lausnum skal skila í síðasta lagi föstudaginn 2. nóvember, kl. 23:59.